

Svar

velferðarráðherra við fyrirspurn Höskuldar Þórhallssonar um lækni á Vopnafirði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er ráðherra reiðubúinn að beita sér fyrir því að læknir verði til taks á Vopnafirði alla daga ársins?

Mönnun í heilbrigðisþjónustu um allt land er í höndum stjórnenda hverrar stofnunar, sem leggja faglegt mat á möguleika til mönnunar með tilliti til aðgengis að afleysingafólki og með fjárhagslegar heimildir stofnunarinnar í huga.

Víða um land hafa stöður lækna verið ómannaðar einstaka daga til margra ára, einkum að sumarlagi. Hafa þá lækna í aðliggjandi héruðum annast vaktina. Skipulag þessa fyrirkomulags byggist á mati stjórnenda hvers umdæmis á aðstæðum, reynslu þeirra og þekkingu á staðháttum.

Ráðherra hyggst ekki grípa fram fyrir hendur stjórnenda í þessum málum.